

Margrét Reykdal að Kjarvalsstöðum:

LANDSLAGS-STEMMUR

Það er jafnan nokkur viðburður þegar nýr liðsmaður bætist í hinn fámennt hóp íslenskra kvenna sem ástunda myndlist.

Á síðustu árum hefur sorglega stórt skarð verið höggð í þann skörulega hóp, þar sem Nina Tryggvadóttir, Gerður Helgadóttir, Barbara Árnason, Eyborg Guðmundsdóttir og Ragnheiður Ream hafa horfið af sjónarsviðinu á þeim aldri þegar listamaðurinn hefur öðlast fullan þroska og mest er af honum að vænta.

Margrét Reykdal er ungur listamaður sem dagana 28. júlí—6. ágúst sýndi málverk og vatnslitamyndir í vestursal Kjarvalsstaða en salnum skipti hún með þeim félögum Steingrími Eyfjörð og Friðriki Friðrikssyni. Þegar þessar linur eru skrifaðar er sýningu Margrétar að ljúka og ekki vist að þær nái að komast á prent áður en sýningunni lýkur, vegna frídags verslunarmanna og annarra tafa. Að Kjarvalsstöðum dró Margrét saman 29 málverk og 10 vatnslitamyndir og eru þessi verk trúlega afrakstur námsáranna í Noregi þar sem Margrét hefur dvalist um alllangt skeið. Þó er Margrét ekki alls ókunn reykviskum sýningargestum því hér heima hélt hún sína fyrstu einkasýningu að Hamragöðum 1974. Einnig mun hún hafa átt verk á haustsýningu FÍM og sýnt úti í Noregi, á samsýningum bæði í Ósló og Stavangri.

Með vissri alhæfingu má segja að málverk Margrétar skiptist í tvö horn, annars vegar er um að ræða ljóðrænar landslagsstemmur, ekki landslag í eiginlegri merkingu heldur hughrif um landslag og hins vegar manneskjur í landslagi.

Ljóðrænn þokki


Virðist mér af þessum verkum að dæma að þarna sé Margrét komin í hóp þeirra myndlistarmanna íslenskra sem aðhyllt hafa ljóðræna myndlist

eins og t.d. Júlíana Sveinsdóttir, Snorri Arinbjarnar og Ágúst Petersen. Þessir listamenn mála ekki landslag og fjallnátúru í naturalískum stíl, heldur miklu heldur landslagsstemmur og reyna á léreftinu að túlka áhrif landslags og náttúruaflla. Oft verður útkoman ljóðrænar hugleiðingar um næsta hversdagsleg myndefni þar sem útlínur leysast upp og litir renna saman og aðaláhersla er lögð á heildina.

Viðfangsefni Margrétar eru aðallega opið landslag þar sem nálægð hafsins er skynjuð í andrúmsloftinu. Hvort hughrifin eru íslensk eða norsk má einu skipta. Sérlega vel orkaði á mig mynd nr. 7, litid hús með rauðu þaki, haf, himinn og grænt tún.

Þegar Margrét fjallar um manneskjuna í umhverfi hennar verður manni ósjálfrátt hugsað til Munch og norskrar myndlistarhefðar, og þetta segi ég á engan hátt Margréti til lasts. Ekkert er eðlilegra en að listamaður þiggi áhrif umhverfis þess sem hann nemur og vinnur. í Mig minnir að Þorvaldur Skúlason hafi getið þess í sjónvarpsviðtali fyrir fáeinum dögum hve samt norðmönnum á skólaárum hans í Noregi hafi verið að mála manneskjuna í umhverfi hennar og virðist vera enn. Nött í Lofoten nr. 6 er heilsteypt verk og sannfærandi en í myndunum Ævintýri nr. 8 og Umhverfi nr. 18 er eins og myndefnisþættirnir vinni á móti hvorum öðrum og að þar sé skortur á viðleitni til að virkja allt myndrúmið sem samræmdan áhrifavald en það er algjör forsenda fyrir því að þessi tegund myndgerðar heppnist. Annars virðast vinnubrögð Margrétar ákaglega vönduð, hún nálgast viðfangsefnið af innlifun og tilfinningu og með jafnalhliða listnám og hún hefur að baki virðist veganestið harla gott og kæmi það mér ekki á óvart þótt Margrét ætti eftir vinna á þegar fram í sækir.

Hrafnhildur Schram.



Margrét hjá mynd sinni Nött í Lofoten.

Nýkjörin hreppsnefnd Árneshrepps

Í hreppsnefnd Árneshrepps voru kosnir 25. júní síðastliðinn Eyjólfur Valgeirsson bóndi Krossnesi, Gunnsteinn Gíslason kaupfélagsstjóri og

oddviti, Páll Sæmundsson eftirlitsmaður Djúpvíkur, Torfi Guðbrandsson skólastjóri Finnbogastöðum, Adolf Thorarensen flugvallarstjóri Gjögrí. Í

sýslunefnd Guðmundur Jónsson bóndi og hreppsstjóri Munaðarnesi.

Regina Thor/abj.

Viðskiptafultrúi Íslands í Evrópu

— nýtt embætti við sendiráðið í París

Utánríkis- og viðskiptaráðuneytin hafa ákveðið að stofna embætti viðskiptafultrúa í Evrópu.

Hefur Sveinn Björnsson deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu verið ráðinn til starfans og hefur hann aðsetur hjá sendiráðinu í París.

Sveinn er 36 ára með viðskiptafræðipróf frá Háskóla Íslands 1970. Áður hafði hann dvalizt veturlangt við spónskunám í Barcelona. Hann hefur verið fulltrúi og síðar deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá 1970. Fyrir tveimur árum dvaldi hann í fjóra

mánuði í Frakklandi og kynnti sér fiskiðnað og fiskverzlun þar í boði stjórnvalda.

Embættið verður kostað af því fé sem veitt er til markaðsmála á fjárlögum.

ÓV.

HRAFNHILDUR SCHRAM



Myndlist

DAGBLADIÐ ER SMÁ AUGLÝSINGABLADIÐ

SÍMI 27022

ÞVERHOLT I

Til sölu

Barnastóll

frá Krómhúsgögnum og ljóst hjónarúm með aföstum náttborðum til sölu. Uppl. í síma 73461.

Hjólhýsi.

Til sölu hjólhýsi, Cavalier 200 T árg. '74. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022.

H—119.

Litid armlaust sófasett

til sýnis og sölu að Reynigrund 41 Kóp. Verð 20 þús.

Flugtímar

í flugskóla Helga Jónssonar. Uppl. í síma 37269 milli kl. 5 og 10.

Til sölu

næstum ónotuð Toyota prjónavél. Selst ódýrt. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022.

H—159.

Til sölu

Westinghouse kæliskápur, 270 lítra, einnig stórt Raleigh kvenreiðhjól, vel með farið. Uppl. í síma 37472 eftir kl. 18.

Mávastell.

12 manna mávakaffistell og mávamatarstell, 6 manna, með gullrönd til sölu. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022.

H—162.

Til sölu

vegna brottflutnings, borðstofuborð og 6 stólar, svefnbekkur og barnasvefnbekkur, eldhúsborð og ísskápur. Uppl. í síma 13451.

6 hesthúsbásar

til sölu í Kópavogi. Uppl. í síma 30218.

Járngrindarhlíð,

nýtt, fyrir port til sölu, stærð 160×350. Timbur í stærður 2×7 og 2 1/2×7 og stærra. Uppl. í síma 32326.

Ignis þvottavél til sölu.

Uppl. í síma 14949.

Til sölu vegna flutnings

sjálfvirk þvottavél með þurrkara, krónur 50 þúsund, Pioneer hátalarar, 18 þúsund og sjónvarp, 18 þúsund. Uppl. í síma 13938.

Vel með farinn nýlegur

ísskápur til sölu. Hæð 152, breidd 62 cm ásamt hringlaga eldhúsborði með hvítri harðplastplötu og simastóll. Uppl. í síma 26633.

Vegna flutninga

er til sölu borðstofuskenkur og 2ja manna svefnsofi, 2 fiskabúr, 300 lítra og 60 lítra, einnig 2 dekk af Saab. Uppl. í síma 44819.

Túnþökur

Til sölu vélskornar túnþökur. Uppl. í síma 99—5072.

Til sölu er

tvíbreiður svefnsofi, flöskugrænn. Verð kr. 10 þús. og þýkt drottningarfuglabúr á grind, hæð ca 170 cm, hvítt, verð 15—20 þús. og dókkbrúnt burðarrúm, vel með farið, ca 5 mán. gamalt, verð 5 þús. Uppl. í síma 51436.

Túnþökur.

Til sölu vélskornar túnþökur. Heimkeyrsla. Uppl. í símunum 99—4424 og 25806.

Til sölu

stór Frigidaire frystiskápur. 2ja ára. Verð 100 þús. Kóngarúm með handstönguðu teppi. Verð 100 þús. Nýr svefnbekkur á 35 þús. Sófaborð og tvö innskotsborð á 50 þús. Uppl. í síma 92—3285 eftir kl. 18.

Massey Ferguson B. 50 grafa

árg. 1973 til sölu á góðu verði, m/opnanlegri framskóflu, þarfnast viðgerðar. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022.

H—1270.

Til sölu

er vel með farið hjónarúm með dýnum og lausum náttborðum. Ennfremur tvíbreiður svefnsofi með rúmfatageymslu. Selst ódýrt. Uppl. í síma 24219.

Nýtt, gamalt nýlegt.

Alls konar dót til sölu að Laufásvegi í kjallara. Ágóðinn rennur til dýraverndar. Ópið frá 2—6 virka daga. Samband dýraverndunarfélaga Íslands.

Til sölu

nýtt svefnherbergissett, snyrtiborð, dýnur (palesander), einnig notaður vel með farinn 2ja hurða kæliskápur með frysti að neðan, Atlas, stofukæliskápur úr tekki, einnig Atlas, svefnsofi m. plussáklæði, 2ja manna, 2ja sæta sófi og stóll plussáklæði og vinyll. Uppl. í síma 30549.

Úrvals gróður mold

til sölu, heimkeyrð. Uppl. í síma 73454.

Úrvals gróður mold

til sölu, heimkeyrð. Uppl. í síma 38813.

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa

eldgamla saumavél og gömul húsgögn. Uppl. í síma 86853.

Óska eftir að kaupa

múrpressu. Helzt Biab. Á sama stað er til sölu steypuhrærivél. Uppl. í síma 54226.

Steypuhrærivél óskast.

Uppl. í síma 99—4212 Hveragerði eftir kl. 20.

Notuð sjálfvirk

þvottavél, 3—5 kílóa, óskast keypt sem fyrst, verður að vera í góðu ástandi. Uppl. hjá auglþj. DB í síma 27022.

H-872

Verzlun

SÁÁ vantar

2 stórar frystikistur, 2 skrifborð, ritvél, reiknivél, litinn læstan skáp, hrærivél, ryksugu, áleggshnif og kaffivél. Allir hlutirnir verða að vera í sæmilegu ásigkomulagi og á hóflegu verði. Uppl. hjá SÁÁ í síma 82399.

Notað timbur óskast.

Uppl. í síma 25310.

Tónaval auglýsir.

Ódýrar nýjar hljómplötur á aðeins 3950 kr., Abbey Road, Let it be., Rubber Soul, S.G.T., Peppers lonely hearts club band með Bitlunum, Some girls með Rolling Stones. Kaupum einnig vel með farnar hljómplötur á hæsta verði. Tónaval, Þinghóltsstræti 24.

Verksmiðjusaln.

Peysur á alla fjölskylduna. Bútar, garn og lopaupprak. Ópið frá 1 til 6. Les-Prjón Skeifunni 6.

Veizt þú,

að stjórnumálning er úrvalsmálning og er seld á verksmiðjuverði milliliðalaust beint frá framleiðanda, alla daga vikunnar, einnig laugardaga, í verksmiðjunni að Höfðatúni 4. Fjölbreytt litaval, einnig sérlega litir, án aukakostnaðar. Reynið viðskiptin Stjórnumlitir sf., málningarverksmiðja, Höfðatúni 4 R. Sími 23480.